

SAMÞYKKT

um kattahald í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Kattahald í Akureyrarkaupstað sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Allir heimiliskettir eldri en fjögurra mánaða í Akureyrarkaupstað skulu örmerktir af dýralækni, skv. reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004, og upplýsingar um númer örmerkis, nafn, kennitölu og heimilisfang eiganda skráð í gagnabanka sem er aðgengilegur fyrir framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar.

3. gr.

Handsömunar-, fóður- og vistunargjöld skal greiða samkvæmt gjaldskrá sem Akureyrarkaupstaður setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Akureyrarkaupstaður skal birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar fer með framkvæmd samþykktarinnar í umboði heilbrigðisnefndar.

5. gr.

Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en 1 mánuð á heimili án örmerkingar og skráningar í gagnagrunn. Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utandyra. Eigendum og forráðamönnum katta er skylt að fara vel með ketti og tryggja þeim góða vist og sjá til þess að þeir lendi ekki á flækingi.

6. gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

7. gr.

Eiganda eða umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Eigandi eða umráðamaður skal geyma hreinsunarvottorð í þrjú ár og framvísa því hjá framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar ef óskað er.

8. gr.

Eiganda eða umráðamanni kattar er skylt, eftir því sem unnt er, að gæta þess að kettir valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna.

9. gr.

Eigendum eða umráðamönnum kattar er skylt að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum takmarka útveru katta.

10. gr.

Eigandi eða umráðamaður kattar skal hafa kött sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttryggingin skal ná til alls þess tjóns sem köttur hans kann að valda á mönnum og munum. Váttryggingaupphæð verði samkvæmt almennum skilmálum tryggingafélaga.

11. gr.

Í umboði heilbrigðisnefndar skal framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar gera ráðstafanir til útrýmingar á villi- eða flækingsköttum. Meiriháttar föngun villikatta skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara með tilmælum um að heimilisköttum sé haldið innan dyra. Í því skyni að fanga ketti er heimilt að koma fyrir búrum, agni eða sambærilegum tækjum. Ómerktur köttur sem þannig er fangaður skal geymdur í 7 daga. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan þess tíma skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða aflífaður. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað, þ.m.t. kostnað vegna örmerkingar og spóluormahreinsunar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

13. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 110/1996 um kattahald í Akureyrarbæ.

Umhverfissráðuneytinu, 20. janúar 2008.

F. h. r.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.